

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Neskaupstað.

1. gr.

Búfjárhald (nautgripa-, hrossa-, svína-, og sauðfjárhald svo og alifuglarækt) er óheimilt í Neskaupstað, nema með sérstöku leyfi bæjarráðs.

2. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. gr., skal senda umsókn um það til bæjarráðs. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárens, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru, er máli kann að skipta.

3. gr.

Nú telur bæjarráð að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi, og skal þá veita leyfið; má veita það til ákveðins tíma eða ákveða tiltekinn frest afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið fyrirvaralaust.

4. gr.

Ef maður heldur án heimildar búfé, sem samþykkt þessi tekur til, skal lög-
reglustjóri hlutast til um, að það sé tekið úr vörzlu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því.

Sama gildir, ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárens, þannig að það veldur tjóni eða óþrifnaði.

5. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að greiða skuli í bæjarsjóð gjald fyrir leyfi til búfjárhalds. Má ákveða gjald fyrir hvern grip, sem leyfi er veitt fyrir, eða ákveðna upphæð fyrir hvert leyfi, þó ekki yfir kr. 1000.00 á ári. Gjaldi þessu sé varið til vörzlu bæjarlandsins.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 5000.00. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjárhald í kaup-
stöðum og kauptúnum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftir-
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 6. nóvember 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.